

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá yfirdómi. Áfrýjandi, St. Stephensen, greiði stefndu, hreppsnefnd Glæsi-bæjarhrepps, málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. og lúkist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. júlí 1918.

Nr. 1/1918

Margrét Árnason  
gegn

Kaupfélaginu »Ingólfi«,  
HelgaJónssyni framkvæmd-  
arstjóra og skiftaráðandan-  
um í Árnassýslu, Boga  
Brynjólfssyni settum sýslu-  
manni, fyrir hönd dánar-  
bús Ólafs Árnasonar.

D ó m u r :

Við skifti á dánarbúi Ólafs Árnasonar framkvæmdarstjóra frá Stokkseyri, sem dó 2. júní 1915, hélt áfrýjandi þessa máls, Margrét Árnason, ekkja Ólafs Árnasonar, en skilin við hann að borði og sæng samkvæmt leyfisbréfi, dags. 18. júní 1909, því fram, að hún yrði talin eigandi að öllu því af búinu að sínum hluta eignanna, er óskift hefði verið og

vantalið fram af manni hennar við skilnað þeirra að borði og sæng, og sem verið hefði sérstaklega verzl-anir, hús og lóðarréttindi, er þau Ólafur Árnason hefðu átt á Eyrarbakka og Stokkseyri, svo og að arði eignanna að sínum hluta. Þessari kröfu áfrýj-anda var hrundið með úrskurði skiftaréttarins upp-kveðnum 23. maí 1916 og var sá úrskurður stað-festur með landsyfirrættardómi uppkveðnum 8. jan. f. á. Í því máli kom það fram, að Ólafur Árnason hafði með kaupsamningi, dags. 1. febr. 1907 og af-salsbréfi dags. 1. nóv. s. á., selt kaupfélaginu »Ing-ólfi« á Stokkseyri allar húseignir með lóðarréttindum og mannvirkjum honum tilheyrandi, er talin væru í virðingargerð dags. 1. des. 1905, sem þó eigi var lögð fram í málinu, en enginn ágreiningur var um það, að eignir þessar væru aðallega á Stokkseyri, þó að þess sé eigi getið í kaupsamningnum eða af-salsbréfinu. Margrét Árnason mótmælti þessari sölu og taldi hana ógilda og byggði á því kröfu sína um, að eignir þessar væru teknar til skifta með öðrum fjármunum dánarbúsins, en þessi mótmæli voru, sem fyr segir, eigi tekin til greina. En nú hefir Margrét Árnason með bréfi til sýslumannsins í Árnæssýslu, dags. 1. okt. f. á., krafist þess, að hann með fógeta-gjörð samkvæmt N. L. 6—14—6 og lögum nr. 1, 12. jan. 1884, 29. gr., beri kaupfélagið »Ingólfi« á Stokks-eyri og Helga Jónsson framkvæmdarstjóra þess út úr húsum sínum á Stokkseyri, þ. e. húsum þeim, er Ólafur Árnason seldi kaupfélaginu samkvæmt áður-sögðu. Við fógeta gerð, er haldin var 12. s. m. úr-



skurðaði fógetinn, að krafa gerðarbeiðanda yrði eigi tekin til greina.

Þessum úrskurði hefir Margrét Arnason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. jan. þ. á. og krafist þess að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að kaupfélagið og framkvæmdarstjóri þess, Helgi Jónsson á Stokkseyri verði borinn út úr húsum hennar á Stokkseyri og Eyrarbakka og hún sett inn í umráð og afnot eignanna að hennar hluta.

Fyrir yfirdóminum hefir verið mætt af hendi kaupfélagsins »Ingólfs« og Helga Jónssonar, svo og fyrir hönd dánarhús Ólafs Árnasonar og þess verið krafist, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmd til að greiða hverjum fyrir sig hinna þriggja varnaraðila málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir nú enn í þessu máli haldið því fram, að sala Ólafs Árnasonar til kaupfélagsins 1907 á eignum þeirra hjóna á Stokkseyri og Eyrarbakka sé ógild, en hér verður aðeins um að ræða hús á Stokkseyri, með því að fógetagjörðin og gjörðarbeiðnin tók aðeins til þeirra. Ástæður fyrir því að salan sé ógild telur áfrýjandi þær, að með skjali dags. 14. maí 1906 hafi þau Ólafur Árnason gert þá skipun, að sameign þeirra skyldi með öllu slitið frá þeim degi, og hafi Ólaf eftir það brostið heimild til að ráðstafa helmingi áfrýjanda af eignum þeirra, þar á meðal helmingi eignanna á Stokkseyri, að Ólafur hafi síðar, er þau gerðu með sér full fjárskifti 18. marz 1909 dregið undan eignir þessar eða andvirði þeirra, að dagsetning afsalsbréfsins til »Ingólfs« pt. Reykja-

vik 1. maí 1907 eins og hún var skráð í afsalsbréfabók Árnassýslu, sé fölsuð, með því að Ólafur þann dag hafi verið í Kaupmannahöfn, og að afsalsbréfið hafi eigi verið fyrirfram innritað til þinglesturs fyrir en 24. júní 1914 eftir að áfrýjandi hafði látið innrita til þinglesturs mótmæli gegn sölunni.

Um skjalið 14. maí 1906 er það fyrst að athuga, að ekki var fengin konungleg staðfesting á því samkvæmt fyrirmælum í lögum nr. 3, 12. jan. 1900 3. gr. og að ekkert hafði verið gert til að framkvæma hin ráðgerðu sameignaslit, þegar Ólafur gerði kaupsamninginn við kaupfélagið 1. febr. 1907, en hann var þá löglegur umráðamaður alls félagsbúsins og bær um að selja eignir þess. Á skjali þessu verður því ekkert byggt til að hnekkja sölunni. Þá er það og sjálfgefið, að Ólafur Árnason gat eigi við fjárskiftin 18. marz 1909 talið með eignum félagsbúsins eignir þær, er hann hafði selt kaupfélaginu 1907, en það, hvort Ólafur hafi talið fram alt andvirði eignanna við téð fjárskifti eða dregið eitthvað af því undan, sem er ósannað, skiftir kaupfélagið engu og getur eigi raskað sölunni. Það er sannað að rétt dagsetning afsalsbréfsins er 1. nóv. 1907 og að dagsetningin »1. maí 1907« í afsalsbréfabók Árnassýslu, stafar af mislestri, en þetta skiftir eigi máli, með því að undirskrift Ólafs undir afsalið hefir eigi verið véfengd, svo að það var jafnbindandi fyrir félagsbúið hvor dagsetningin, sem verið hefði hin rétta. Þá skiftir það og engu að afsalsbréfið var eigi innritað til þinglesturs fyrir en gert var, með því að áfrýjandi gat



eigi ónýtt söluna, þótt óþinglesin væri, með því að láta þinglesa mótmæli gegn henni.

Allar þessar ástæður fyrir ógildingu sölunnar komu fram af hálfu áfrýjanda í fyrgreindu máli, er dómur landsyfirrættar gekk í 8. jan. f. á., en í þeim dómi er svo kveðið á, að kaupsamningurinn 1. febr. 1907 og afsalsbréfið 1. nóv. s. á. verði að teljast næg sönnun þess, að farið hafi fram lögleg sala eins og greint er í skjölum þessum á verzlunum Ólafs Árnasonar til kaupfélagsins »Ingólfs«. Það er þannig útkljáð mál fyrir þessum rétti að sala Ólafs Árnasonar til »Ingólfs«, á umgetnum eignum verður að teljast gild gagnvart dánarbúi hans. Nú hefir áfrýjandi eigi í þessu máli talið neinar aðrar ástæður fyrir því, að salan eigi þó að vera ógild gagnvart áfrýjanda, og verður því að líta svo á, að áfrýjanda bresti heimild til að rifta sölnunni, en á slíkri heimild er byggð krafa áfrýjanda um útburð kaupfélagsins og hins stefnda framkvæmdarstjóra úr hinum seldu húsum á Stokkseyri. Þessi krafa verður því eigi tekin til greina og ber þá að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð.

Kaupfélaginu »Ingólfi« hefir eigi verið birt áfrýjunarstefna í málum og engum fyrir þess hönd, og þykir eigi ástæða til að dæma því málskostnað. En hins vegar verður áfrýjandi eftir úrslitum málsins að greiða skiftaráðanda í dánarbúi Ólafs Árnasonar fyrir hönd dánarbúsins og Helga Jónssyni framkvæmdarstjóra málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr. til hvors.

Áfrýjandi hefir í sóknarskjölum sínum viðhaft þessi ummæli: »hann (máltærlumaður verjanda, Egg-

ert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður) er eins og frakkur heimarakki í réttinum«. »Hvað vill maðurinn (Eggert Claessen) með þessi sífeldu ósannindi sem aðeins skíta hann sjálfan út —« »og þannig var hugleysið, að yfirvaldið (Guðmundur sýslumaður Eggerz) þorði ekki að láta mig ná rétti mínum og ofbeldið gifurlegt til að vernda kaupfélagið »Ingólf« og bankann frá því að skila mér réttmætri eign minni. Fyrirlitleg er sú dómarsál, sem er þræll manna eða málefna þeirra eða fyrri yfirsjóna sinna«, og í framlögðu skjali, stýluðu til sýslumannsins í Árnæssýslu um vitnin Helga Jónsson og Þórð Jónsson: »Búðarmenn Ólafs Helgi og Þórður ljúgvitni«. Fyrir þennan ósæmilega rithátt verður áfrýjandi að sæta sekt, er ákveðst 30 kr. og renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi Margrét Árnason greiði stefndu, Helga Jónssyni og skiftaráðanda í dánarbúi Ólafs Árnasonar, settum sýslumanni Boga Brynjólfssyni fyrir hönd dánarbúsins í málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr. hvorum og sekt 30 kr., helminginn til landssjóðs og helminginn til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Gjöld þessi greiðist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.